

9.Flokkur B-lið á Álftanesi

9.flokkurinn fór einnig á Álftanes helgina 6.-7.febrúar og spiluðu þar á Íslandsmóti í D-riðli. Ásamt Fjölni voru KR-b, Haukar, Breiðablik-b og Álftanes.

Fjölnir – KR 31-52

Fyrsti leikurinn hjá strákunum var gegn KR-ingum en þetta KR lið var skipað strákum úr 8.flokki. Leikurinn byrjaði jafn og var staðan eftir fyrsta leikhluta 8-12 og í upphafi annars leikhluta var áfram jafnræði með liðunum en úr stöðunni 10-15 skora KR-ingar 12-0 þar sem að Fjölnisstrákarnir voru að spila dapra vörn auk þess að henda boltanum ansi oft í hendurnar á andstæðingnum. Staðan í hálfleik var 14-27. Í þriðja leikhluta fóru strákarnir að sýna sitt rétta andlit og söxuðu á KR-ingana og var staðan 23-34 þegar um mínúta var eftir af þriðja leikhluta en þá fór allt í baklás aftur og KR skoraði 14-0 og endaði leikurinn 31-52. Tveir mjög daprir kaflar í leiknum voru okkur mjög dýrir þar sem menn misstu haus og hættu að spila.

Stigaskor: Guðjón 15.stig, Axel 9, Sigurður 3, Auðunn og Hartmann 2.

Fjölnir – Haukar Haukar unnu með um 20stigum

Næsti leikur var gegn Haukum en því miður glataðist skýrslan fyrir þennan leik. Þessi leikur var í raun einstefna Haukastráka og áttu Fjölnisstrákarnir í miklu basli með fasta vörn Hauka og því fór sem fór.

Fjölnir – Breiðablik 34-40

Fyrsti leikur strákanna á sunnudeginum var gegn Blikum sem höfðu eins og við tapað báðum leikjum sínum á laugardeginum. Leikurinn byrjaði mjög jafn og var mikil barátta og ljóst að strákarnir ætluðu að selja sig dýrt í þessum leik. Staðan eftir fyrsta leikhluta var 6-8. Annar leikhluti var mjög svipaður og sá fyrri og var staðan 16-18 í hálfleik. Úr stöðunni 19-20 í þriðja leikhluta skoruðu Blikar 11-0 og staðan í upphaf fjórða 22-31. Í byrjun fjórða leikhlutar bitu strákarnir vel frá sér og söxuðu jafnt og þétt á forskot Blika og var staðan orðin 29-31 þegar um 4mín voru búnar af síðasta leikhlutunum og því æsispennandi lokamínútur. Blikar gerðu þá út um leikinn og skoruðu 8-0 og endaði leikurinn 34-40. Svekkjandi tap en með smá heppni hefðum við tekið þennan leik en strákarnir sýndu mikið betri leik heldur en á laugardeginum.

Stigaskor: Guðjón 14, Sigurður 11, Axel 5, Orri og Benjamín 2.

Fjölnir – Álftanes 39-45

Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum í Álftanesi en þeir höfðu unnið Blika nokkuð örugglega og verið í jöfnum leikjum gegn bæði Haukum og KR. Leikurinn byrjaði fjörlega og var lítið um varnarleik hjá báðum liðum en staðan eftir fyrsta leikhluta var 15-12. Annar leikhluti var ekki eins fjörlegur og misstu strákarnir örlítið dampinn og var staðan 21-24 í hálfleik. Þriðji leikhluti var svo nokkuð góður að okkar hálfu og var staðan 32-31 þegar fjórði og síðasti leikhlutinn byrjaði. Í síðasta hlutanum skiptust liðin á körfum en Álftanes hafði 2-3 stiga forskot og í stöðunni 39-41 klúðrum við boltanum og Álftanes skorar

og í síðustu sókninni misnotum við skot og Álftanes hendir boltanum fram og skora og þannig endaði leikurinn 39-45. Alls misnotuðum við 14 víti í leiknum og því fór sem fór.

Stigaskor: Guðjón 19stig, Sigurður 12, Axel, Auðunn og Benjamín 2, Orri 1.

Strákarnir voru ávalt að bæta leik sinn með hverjum leik og var leikurinn gegn Álftanes okkar langbesti leikur og í raun dálitlir klaufar að vinna ekki þann leik.

Þeir sem spiluðu á þessu móti voru

#4 Sigurður

#5 Daníel Lindberg

#6 Ragnar

#7 Hilmar

#0 Auðunn

#9 Hartmann

#11 Axel

#12 Þórður

#13 Orri

#14 Guðjón

#15 Benjamín

Þakka ég strákunum og foreldrum kærlega fyrir helgina. Mótið var í heild ágætt en þó var ritaraborðið oft ekki með á nótunum.

Kveðja Hjalti